

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1336/2008**2012/EES/54/56**

frá 16. desember 2008

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 648/2004 til að laga hana að reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar
Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna ⁽³⁾ er kveðið á um samræmingu á flokkun og merkingu efna og blandna innan Bandalagsins. Sú reglugerð mun koma í stað tilskipunar ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ⁽⁴⁾ og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna ⁽⁵⁾.
- 2) Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 byggir á reynslu af tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og þar eru innleiddar viðmiðanir fyrir flokkun og merkingu efna og blandna sem kveðið er á um í hnattsamræmda kerfinu (HSK) til flokkunar og merkingar iðefna sem hefur verið samþykkt á alþjóðavísu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.
- 3) Tiltækin ákvæði um flokkun og merkingar, sem mælt er fyrir um í tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB, gagnast einnig við beitingu annarrar löggjafar Bandalagsins, t.d. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. mars 2004 um þvotta- og hreinsiefni ⁽⁶⁾.

- 4) Greining á mögulegum áhrifum af því að skipta út tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og innleiða viðmiðanir hnattsamræmda kerfisins leiddi af sér þá niðurstöðu að með því að samþykka tilvisanir til þessara tilskipana í reglugerð (EB) nr. 648/2004 haldist gildissvið þeirrar gerðar.
- 5) Umskiptum frá viðmiðunum um flokkun sem eru í tilskipunum 67/548/EBE og 1995/45/EB skal vera lokið að fullu 1. júní 2015. Framleiðendur þvotta- og hreinsiefna eru framleiðendur, innflytjendur eða eftirnotendur í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 og skulu því, samkvæmt þessari reglugerð, hafa kost á að aðlagast þessum umskiptum innan tímaramma sem er svipaður og tímaramminn sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 648/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 648/2004

Reglugerð (EB) nr. 648/2004 er hér með breytt sem hér segir:

1. Í öllum texta skjalsins komi „blanda“ eða „blöndur“ í stað orðsins „efnablanda“ eða „efnablöndur“ í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽⁷⁾, í útgáfunni frá 30. desember 2006.

2. Í stað inngangsetningarinnar í 1. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„Með fyrirvara um 45. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna [], skulu framleiðendur, sem markaðssetja efni og/eða blöndur sem heyra undir þessa reglugerð, hafa tiltækar fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkjanna:

(*) Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 120, 16.5.2008, bls. 50.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 3. september 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 28. nóvember 2008.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1. Leiðrétt útgáfa í Stjtið. ESB L 136, 29.5.2007, bls. 3.

3. Í stað 1. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

2. gr.

Gildistaka og beiting

„1. Málsgreinar 2 til 6 hafa ekki áhrif á ákvæði um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í reglugerð (EB) nr. 1272/2008.“

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. og 3. töluliðar 1. gr. gilda frá 1. júní 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. desember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. Pöttering

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

B. Le Maire

forseti.
